

GJALDSKRÁ

byggingarleyfisgjalda í Mosfellsbæ.

1. gr.

Fyrir yfirferð og samþykkt aðaluppráttu og fylgiskjala þeirra, sem gerðir eru vegna nýbygginga, viðbygginga og breytinga á eldri byggingum í Mosfellsbæ, skal byggingarfulltrúinn í Mosfellsbæ innheimta byggingarleyfisgjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Vegna yfirferðar og samþykktu aðaluppráttu og fylgiskjala skal byggingarfulltrúi innheimta byggingarleyfisgjöld sem hér segir:

- A) Vegna allra byggingarleyfisumsókna skal greiða lágmarksgjald við móttöku umsóknar kr. 6.200.
- B) Fyrir hvern rúmmetra í nýbyggingu eða viðbyggingu skal greiða byggingarleyfisgjald er nemi 62 kr.
- C) Við endurnýjun byggingarleyfa skal greiða lágmarksgjald.

3. gr.

Rúmmetragjald samkvæmt B-lið 2. gr. skal reikna af brúttórúmmáli sbr. ákvæði ÍST 50, án svala og C rýma.

Rúmmetra skal námunda í heilan rúmmetra samkvæmt almennum reiknireglum.

4. gr.

Virðisaukaskattur leggst ekki á gjöld samkvæmt 2. gr.

5. gr.

Byggingarfulltrúi annast innheimtu byggingarleyfisgjalda samkvæmt gjaldskrá þessari. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi, sbr. 3. mgr. 55. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

6. gr.

Gjalddagi lágmarksgjalds er við móttöku byggingarleyfisumsóknar. Gjalddagi rúmmetragjalds er fyrir útgáfu byggingarleyfis. Byggingarfulltrúa er óheimil útgáfa byggingarleyfis, eða takmarkaðs byggingarleyfis, fyrir en byggingarleyfisgjald hefur verið greitt.

7. gr.

Byggingarleyfisgjald verður ekki endurgreitt falli byggingarleyfishafi frá notkun leyfisins eða það fellur úr gildi. Lágmarksgjald verður ekki endurgreitt sé umsókn synjað, byggingarleyfi fellur úr gildi, eða ef umsókn er dregin til baka.

8. gr.

Innheimt byggingarleyfisgjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til greiðslu sannanlegs kostnaðar vegna yfirferðar starfsmanna byggingarfulltrúa á aðaluppráttum og fylgiskjöllum þeirra fram að byggingarleyfi.

9. gr.

Gjaldskrá þessi sem öðlast þegar gildi er samþykkt af bæjarstjórn Mosfellsbæjar með heimild í 53. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, sbr. einnig 27. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá um sama efni nr. 258 frá 16. febrúar 2005.

Mosfellsbæ, 30. desember 2005.

Stefán Ómar Jónsson bæjarritari.

—————
B-deild – Útgáfud.: 12. janúar 2006